

Þriðja ferð - 1959

Dato	Staðarheiti	Hítastig	Merki	
7/7, '59	Reykhólar (borhola við tilraunastöð)	87	55	
-	Reykhólar (Kraflandi)	101	56	
-	Reykhólar (Berghver)	94,5	57	
-	Reykhólar (Þvottahver)	94	58	
-	Reykhólar (Eini Reykir)	85	59	
8/7	Laugaland	63 í þró, 66,5 í fjöru	60	Þró með járni
9/7	Drápsker (Breiðafjarðareyjum)	96	61	
-	Reykey (Laugin), (Breiðafjarðareyjum)	41	62	
10/7	Sandey (Hergilseyjarlöndum), Breiðafirði	64	63	
-	Urðarhólmi (Hergilseyjarlöndum), Breiðafirði	88	64	
11/7	Djúpidalur	30	65	
-	Klettur (Kollafirði)	48	66	
-	Hella (Vatnsfirði)	30	67	Ekki H ₂ S
12/7	Þverá (Vatnsfirði)	21,2	68	Ekki H ₂ S
-	Vaðall (Barðaströnd)	35	69	Ekki H ₂ S
-	Kross (Barðaströnd)	31	70	
13/7	Sveinseyri, Tálknafirði	27	71	
-	Stóri Laugardalur, Tálknafirði, (í klöpp vestan ár)	53,5	72	
-	Kvígindisfell (Tálknafirði)	31,6	73	
-	Stóri Laugardalur (Tálknafirði), (Laugaáll)	42	74	Ekki H ₂ S
-	Litli Laugardalur (Tálknafirði), (Laug)	46	75	Ekki H ₂ S
14/7	Dufansdalur	44,8	76	
-	Reykjafjörður (Barðastrandarsýslu)	55,8	77	Þró m. Fe
15/7	Kross, Barðaströnd, (Mórudalur)	43,6	78	
-	Vaðall, Barðaströnd (innan ár)	33	79	
-	Rauðsdalur, Barðaströnd	25	80	Ekki H ₂ S
16/7	Laugar í Sælingsdal ("hverinn")	59,5, 55° lind úr bergi í litlu H ₂ S flöskum	81	Þró
17/7	Gröf (Dalasýslu), Grafarlaug	51,8	82	

Athugasemdir úr 3 ferð

Reykhólar. Norðvestasti hverinn undir norðvestan hólnum er “Runkhúsahver” 87°, á að gizka 0,3-0,5 l/sek. Næstur er Gullhver sjóðandi 0,2-0,3 l/sek. Svo er Kraflandi suðhver 1,5-2,5 l/sek. Lítil hola rétt sunnan við ca. 0,1 l/sek., 98°. Suðvestan undir hólnum er Þjófahver með suðu ca. 0,1-0,2 l/sek. Þar austur af í tjarnabakka 1-2 l/sek. (85-94°). Vestan við sjávargötu 1-2 l/sek.? (ca. 84°). Austan sjávargötu 1-2 l/sek. (83°). Suðurhverir, Berghver 1-1,5 l/sek. 92-94°. Augu vestan við hann 0,4-0,7 l/sek. 92-94°. Hver vestan við sundlaug 0,7-1,2 l/sek. 92-94°. Þvottahver 2-3 l/sek. 92-94°. Eini Reykir 2-3 l/sek. 85°. Borhola hjá Kötlu laug austan undir Tilraunastöð 2-2,5 l/sek. 87°. Auk þessa holur og augu um allar trissur í suðuráttir frá bænum. Vatn tekið úr borholu, Kraflanda, Berghver, Þvottahver og Eini Reykjum.

Laugaland. Vatnið til analysu tekið úr þrónni heima við húsið; hiti á yfirborði 63°, en heldur kaldara við botninn (ca. 2°). Í þrónni var allmikið af járnrörum. Vatnið til “H₂S-prufu” var tekið niðri í fjöru fyrir neðan bæinn. Sandi var mokað frá og kom þar sytra upp úr klöpp 66,5° heit og á að gizka 0,1 l/sek. Margar fleiri sytrur voru í fjörunni, en kaldari.

Drápsker í Hergilseyjarlöndum. Uppi á skerinu norðvestanverðu var kísilsvæði ca. 10-15 m í þvermál, og streymdi þaðan vatn á að gizka 5-9 l/sek. Vatn kom þar víða upp bæði sem uppsprettur og undan kísil hellum og var það frá 65-82° heitt. Ca. 60-80 metrum þar vestur af var stór uppspretta “hver” með á að gizka 2-3 l/sek. frárennsli og þar tók ég vatnssýnishornin öll; hiti 96°. Hitasvæðið í skerinu liggur það lágt, að það kemur ekki upp fyr en með hálfkölluðum sjó.

Reykey í Hergilseyjarlöndum. Þar voru öll vatnssýnishornin tekin úr svokallaðri “laug”. Þar er örlítil sytra ca. 0,01 l/sek. á að gizka og 41° heit. “Laugin” er í fjörunni suðaustan á eyinni, og liggur hæzt af volgum stöðum í Breiðafjarðareyjum. Hún mun fara í sjó á háflæði, en er ekki nema ca. 10-15 m frá graslendum á eyinni.

Sandey í Hergilseyjarlöndum. Þar er uppsprettan á skerjunum suðvestur af eyinni stutt frá sjó á stórstraumsfjöru. Í kyrru veðri sást reykurinn langt að. Skerið er þarna það lágt, að ég gæti gizkað á að uppsprettan væri ekki upp úr sjó nema ca. 3 klst. á stórstraumsfjöru (er ca. 2-2½ m yfir stórstraumsfjöruborð). Vatnið var 64° og frárennsli á að gizka 0,1-0,2 l/sek. Það kemur upp úr sérstaklega fallegum gangi, og aðallindin úr honum miðjum. Hann virtist eins og tvíklofinn í lengdarstefnuna og mynda “munstur” (teikn.) á að sjá.

Urðarhólmi. Þar er “hverinn” langt vestur á skerjunum og rýkur vel. Hann liggur svo lágt, að gamall bóndi úr Hergilsey sagði mér, að hann væri ekki upp úr sjó nema ca. 1 klst. á stórstraumsfjöru. Það kemur vel heim við okkar reynslu. Við komum að honum ca. 20 mín. eftir stórstraumsfjöru. Þá var sjórinn fallinn að kísilhellunni sem vatnið kom undan, svo frárennslið sjávarmegin (að vestanverðu) gátum við ekki séð en það mun vera allmikið, því sjórinn var þar snarpheitur (ládeyða var). Austan við helluna var hærra, og þaðan var á að gizka 1-1,5 l/sek. frárennsli, 88°. Þar tók ég vatnið og varð að flýta mér, því ca. 10 mínútum eftir að við komum þarna var allt að fara í kaf.

Oddbjarnarsker. Austur af "skerinu" (graslendinu) eru þrjár klettahleinar í stefnu austur-vestur og er heita uppsprettan í skoru utast á þeirri syðstu. Þarna er allt þakið í þangi og þara og kemur uppsprettan ekki upp úr sjó nema á fjöru og henni stórrí. Blýtappi hafði verið settur í upprunalega "augað", svo vatnið kæmi hærra og auðveldara væri að ná því; það var einasta neyzluvatnið, sem menn höfðu, þegar legið var við í Oddbjarnarskeri. Enda þótt við værum þarna rétt eftir stórstraumsfjöru, gat ég ekki tekið þar vatnssýnishorn, því svolútil ylgja var í sjó, og bárunar skuluðust upp skoruna, yfir uppsprettuna og upp í lautina í klöppinni, sem notuð hafði verið af vermönnum, til þess að ausa vatninu upp úr. Hitinn í uppsprettunni mældist mér 71° og frárennsli (við öldufráfall) á að gizka 0,1-0,2 l/sek., en það var ágizkun ein.

[Skáleyjar] Hver er í norðanverðu sundinu vestan við Langey ? hjá Skáleyjum, en kemur ekki upp nema á stærstu stórstraumsfjörum. Við létum Aðalstein Aðalsteinsson í Hvallátrum fá litla og stóra (1 l) plastflösku og maksimal-hitamælinn minn, og ætlar hann að taka þar vatn fyrir okkur, þegar færi gefst.

Auk þessara sex staða heyrðum við hjá kunnugum, að volgrur væru í Laugaskeri norður af Oddbjarnarskeri; í litlu skeri norður af Drápskeri og í litlu skeri norður af Reykey, en allt er þetta mjög lágt (nema helzt Laugasker) og vandfundið nema mjög kunnugum manni, t.d. berst stundum sandur í laugina á Laugaskeri og verður þá að moka hana upp.

Djúpidalur. Þar er volgra í skriðu í brekkunni austan árinna og norðan vegarins í ca. 30 m hæð. Sytra, sem vatnssýnishornin voru tekin úr, kom þar út úr "kletti", var 30° heit og samanlagt vætl þarna var á að gizka ca. 0,01 l/sek. (kísillinn við volgruna sést mjög vel frá réttum vestan árinna).

Klettur í Kollafirði. Þar var vatnið tekið í skeri í vaðlinum austan árinna. (Stefnan er frá íbúðarhúsinu sunnan við norðurgafllinn á fjárhúshlöðunni niðri á túninu). Þarna var vatn heitast 48° og frárennsli á að gizka 0,3-0,5 l/sek. Sagt var að vaðallinn bræddi af sér í stefnu suðvestur af skerinu allt til lands.

Hella í Vatnsfirði. Þar er volgran fast vestan við veginn, rétt hjá eyðibýlinu Hellu. Þar hafði verið rutt til eins og byggja ætti þar laug, svo þar myndaðist dálítil pollur. Vatnshiti var þarna 30° og vatnsrennsli á að gizka 0,05-0,15 l/sek. Þarna var ekki tekin H₂S-prufa.

Þverá í Vatnsfirði. Þar eru volgrurnar í mýrlendi skammt ofan við veginn norðaustan við eyðibýlið Þverá. Þar fundum við mestan hita 21,2°. Mjög var þarna augsýnilega allt blandað yfirborðsvatni, en vatnsmagn töluvert og myndaði læk, sem rann yfir veginn, vatnsrennsli á að gizka 2-3 l/sek. Þarna var ekki tekin H₂S-prufa.

Vaðall, Barðaströnd. Þar eru volgrur bæði vestan og austan árinna, sem rennur vestan bæjarins. (nafn?). Vestan árinna skammt fyrir ofan veginn er 35° heit laug í svokölluðum Laugamýrarhrygg; vatnsrennsli á að gizka 0,05-0,1 l/sek. Laugin hefur verið notuð til þvotta. Ekki H₂S-prufa. Austan árinna (þar kallað innan ár) í melholti, ca. 5-7 mínútna gang í norður frá Vaðli, er sytra 33° heit, og tók ég þar vatnssýnishorn. Bóndinn á Vaðli sagði, að þar langt frammi á dalnum væri töluvert vatn á að gizka 30-35°.

Kross á Barðaströnd. Þar eru allstórir melar vestan við bæinn út að Móru. Lindin er þar niðri við vaðalinn sunnan undir melnum ca. 5 mínútna gang vestur frá bænum í svonefndu Lauganesi. Við lindina var byggð sundlaug, sem nú stóð eins þur og orðið gat, því vatnið vildi beina leið í sjóinn en ekki fyrst í sundlaugina. (Yfir uppsprettuna hafði verið steipt þró og vatninu ætlað að stíga það hátt að úr henni rynni í sundlaugina, en eftir nokkur ár hafði það fundið aðra leið svo við ekkert varð ráðið). Hiti var þarna 31° og rennsli ca. 0,3-0,5 l/sek.

Kross, Mórudalur. Frammi í Mórudal, ca. klst. gang frá Krossi, eru heitar lindir. Þar uppi í hlíðinni austan dalsins eru nokkrar lindir og ca. 50 metrar milli þeirrar syðstu og þeirrar nyrstu. Lindirnar voru 37°-43,6° og tók ég vatnið úr þeirri heitustu. Samanlagt vatnsrennsli lindanna var á að gizka 2,5-4,5 l/sek. (Þarna hafði verið byggð sundlaug fyrir aldamót, með því að hlaða garð og búa til uppistöðu í brekkunni fyrir neðan uppspretturarnar. Vatnshitinn hafði verið mjög þægilegur í þessari primitivu laug, en allmikið hafði borið á því, að sundiðkendur fengju illt í eyru. Þarna höfðu margir lært sund og mun þetta hafa verið ein allra fyrsta sundlaug á landinu að sögn Barðstrendinga). Framar í Mórudal voru volgrur. Þær voru í árbakkanum vestan Móru og voru 20°-23° og samanlagt á að gizka 0,3-0,5 l/sek. (Volgrurnar voru frammi undir dalbotni, þar sem tvær ár falla úr dalbotninum í Móru, önnur að austan, hin að vestan).

Sveinseyri í Tálknafirði. Þar eru tvær lindir í brekkunni beint upp af bænum; önnur 27° vatnsrennsli ca. 5 l/sek., hin 26° vatnsrennsli 0,5-1,0 l/sek. Vatnið tekið úr þeirri heitari. Úr henni er vatn leitt í sundþró “staðarins.”

Laugardalur í Tálknafirði. Milli Laugardalsbæjanna rennur á, og úr klöppunum beggja megin árinna (fast við brúna á henni) kemur heitt vatn, þó meir að vestan. Það var 36°-42° og vatnsrennsli á að gizka alls 1,5-2,5 l/sek. Heitasta uppspretta þarna í klöppinni, sem við fundum, var 53,5° og úr henni tók ég vatnssýnishornin. Stutt þarna frá, uppi á barðinu sunnan vegarins, var stór laug, nefnd Djáknalaug. Hún var 35° og vatnsrennsli ca. 1 l/sek. Úr henni tók ég ekki vatnssýnishorn.

Stóri Laugardalur (Laugaráll). Ca. 600-800 m fyrir vestan (utan) bæinn í Stóra Laugardal og ca. 200 m ofan vegarins er mýrlendi, sem nefnist Laugaráll. Þar eru volgrur 38°-42° og vatnsrennsli á að gizka 0,2-0,4 l/sek. Þarna tók ég vatnssýnishorn úr heitustu uppsprettunni til “analysu” en ekki H₂S-prufu.

Litli Laugardalur. Í hlíðinni ca. 1 km austur frá bænum og ca. 100 m ofan vegarins er stór laug. Mestur hiti mældist 46°, og þar tók ég vatn til “analysu” en ekki H₂S-prufu og réð J.J. því. Úr “lauginni” rennur lækur á að gizka 2,5-3,5 l/sek. af 37° heitu vatni.

Kvígindisfell í Tálknafirði (Fell). Úr lind í árbrekkunni vestan Fagradalsár, ca. 50 m fyrir ofan brúna á ánni, koma ca. 0,3-0,5 l/sek. af 31,6° heitu vatni og úr henni tók ég vatnssýnishorn. Viðar þarna í brekkunni við ána eru volgar seytlur.

[Gileyri]. Við Sleiphellu niður við fjöru austan við bæinn Gileyri, eru merki volgru, en svo mikið kalt vatn (2-3 l/sek.) rann þar að, að hitans gætti ekki. Gasbólur komu þar undan steinhellu.

Dufansdalur (við Arnarfjörð). Vatnið tekið í laug í árgljúfri ca. ½ klst. gang vestur af bænum og í ca. 180-200 m hæð. Á árgljúfursbarminum í kísilmel er 40° heit lind, vatnsrennsli ca. 0,15-0,2 l/sek. Niðri í gljúfrinu er önnur lind um 45° heit með á að gizka 0,4-0,6 l/sek. vatnsrennsli, og úr henni tók ég vatnssýnishornið. Í mýri fyrir neðan gamla stekkin er volgra 22° heit með ca. 0,1 l/sek. vatnsrennsli. Úr henni tók ég ekki vatn og fór þar að ráðum J.J.

Reykjafjörður. Vatnið tekið úr þró heima við húsið “hvernum” og í henni voru járnör. Vatnsrennsli er 2-3 l/sek. af 55,8° heitu vatni. Úr “baðlaug” í túnfæti neðan við húsið renna ca. 0,8-1,2 l/sek. af 37° heitu vatni. Heitast vatn, sem í hana rann mældist 50°. Úr þrem lindum í hlíðinni upp af Skeleyri renna ca. 0,4-0,6 l/sek. af 37°-39° heitu vatni. Vatnsprufa ekki tekin þar að ráði J.J. Í árfarvegi milli bæjarins og Skeleyrar (uppi í hlíðinni) eru 41° heit “augu” en vatnsmagn sára lítið (seytlur).

[Foss]. Í Fosslandi eru “ómerkilegar” volgrur.

Rauðsdalur á Barðaströnd. Undan skriðunni rétt neðan við veginn fyrir innan bæinn er volgra 25° heit, vatnsrennsli 0,1-0,2 l/sek. H₂S-prufa ekki tekin.

Laugar í Sælingsdal. Vatnið til “analysu” tekið úr steyptri þró “hvernum” uppi við bergið en í þrónni var ekkert úr járn. Vatnið sem ég tók til H₂S-prufu tók ég úr 55° heitri sytru, sem kom beint út úr berginu ofan við þróna.

Gröf í Miðdölum. Þar er lindin uppi í hlíðinni ca. 25-30 m yfir dalbotni. Verið er þar að byggja sundlaug, og hafði dálftil hola verið grafin inn með uppsprettunni inn í hlíðina, og myndaðist þar dálftill pollur. Úr afrennsli þess polls tók ég vatnssýnishornið.

1960

Dato	Staðarheiti	Hiti	Merki
4/9 (sept) '60	Kambur í Veiðileysufirði (Laugavík)	32,6	52
5/9	Gjögur (Sog)	68,2	53
-	Gjögur (Laugavík)	72,0 ⁸	54
-	Krossnes	64 ^{62,8}	55
7/9	Kirkjuból í Reykjarfirði á Str.	62,5	56
-	Reykjarfjörður í Reykjarfirði á Str., nýja húsið	52 ⁵¹	57
8/9	Drangar (laugin v. ána)	39	58
-	Drangar (Fornasel í holti)	14	59
-	Drangar, Fornasel við sjó	16	60
-	Ófeigsfjörður	25	61
10/9	Asparvík (Klakkur)	20	62

2/8 '61. Fremri Háls (Seldalur). Hiti 21,5°. Vestan við Hálsá Bæjarfellsmegin. Sennilega volgra í Hrótagili? Hæð yfir sjó ca. 260 m, vatnsm. 0,3-0,5 l/sek.

Athugasemdir úr 5. ferð (Önnur ferð 1960)

Kambur í Veiðileysufirði. Heita vatnið kemur þar upp úr kísilklöpp í vík nokkuð fyrir innan bæjarstæðið gamla (Jörðin í eyði) innar í firðinum. Víkin heitir Laugavík og klöppin í stórstraumsflæðarmáli en ekki kvað þó fljóta yfir uppsprettuaugun. Klöppin er sérkennileg innan um fjörugrjótið, og virðist mynduð þannig, að kísillinn hefur fyrst límt saman fjörugrjótið og svo hlaðið ofan á það þunnu lagi og myndað "dyngju lagaða" hellu. Uppgönguaugun eru 2 og ca. meter á milli þeirra. Milli þeirra er eins og sé hella á rönd tæplega ½ meter á þykkt sprungur sitt hvoru megin við hana og sitt uppgönguauga á hvorri sprungu en dálítið á ská þannig (**teikn.**). Vatnsmagn var lítið á að gizka 0,1-0,15 l/sek., sem seytleði niður yfir klapparbunguna, svo hún var dekkri en fjörugrjótið kringum hana. Erfitt var að átta sig á því hvort þarna væri gangur sökum lausgrjóts í fjörunni, sem er mjó neðan við snarbrattan grasi gróinn sjávarbakka. Ekki gat ég af sjó séð gang uppi í fjallinu, upp af lauginni en rétt innan við hana er dálíttill hryggur ofan úr fjalli og klettahleinar við sjóinn.

Gjögur, Reykjanes. Nokkuð norður af vitanum er klettahlein mikil í stefnu NA-SV, og byrjar hún austan við svonefndan Hákarlavog, sund inn við suðurenda hennar og svo vogurinn vestan við hana og inn með henni að vestan í skjóli hennar. Í grófum dráttum má lýsa þessari hlein, sem risavaxinn hella nokkrir tugir metra á þykkt, væri reist þar á rönd og svo klofin í flögur með lóðréttum lengdarsprungum. Sjórinn hefur mætt mest á og brotið niður þær flögurnar sem að honum snúa austurhlið hleinarinnar, en leifar af umbyltum tröllauknum gang. Bergið virtist mér öðruvísi útlits en blágrýtið uppi á landi, miklu dekkra, hrjúfara og holufyllt. Þarna kemur heitt vatn upp á tveim stöðum; í

sandinum fast við hleinina (bergvegginn) að vestan (landmegin) og í sprungu uppi í hleininni litlu sunnar. Kemur þar upp í vestustu langsprungu hleinarinnar, og er það hátt, að þar gengur ekki sjór yfir á flóði. Úr sandinum renna á að gizka 0,4-0,6 l/sek., 42°C heitt vatn, en heitast mældist mér það vera 66°C þar sem það seytleði fyrst upp úr sandinum. Úr sprungum renna á að gizka 0,5-0,7 l/sek., 67°C heitt vatn, en heitast var það 68,2°C og þar tók ég vatnssýnishorn nr. 53. Þarna heita Hákarlavogssog innst (nyrzt) í vognum, og eru sunnan við miðja hlein. Stutt frá Hákarlavogi norður með ströndinni er grunn vík nefnd Akurvík. Þar rennur köld lækjarsytra niður sendinn sjávarbakkann, og niður í víkina. Hún hefur myndað heitan poll við kartöflugarð sem er þarna, áður en hún rann fram af sjávarbakkanum. Nú var þarna þurt, og hafði fylgdarmaður minn, Ólafur Axelsson, Gjögri, aldrei séð það fyr. Lækjarsytran var svo lítil að hún hvarf strax, þegar hún kom í sandinn nokkra metra frá þeim stað sem pollurinn var vanur að myndast. Í “pollstæðinu” gróf ég ca. 30-35 cm djúpa holu niður í sandinn. Holan vatnsfylltist strax til hálfis og sandurinn í holubotninum var 68°C. Frammi í víkinni er kletthalein og norðarlega í víkinni er hiti og mældi ég þar 72°C í sandi sem vatn seytleði úr. Þar var í sprungu austarlega í hleininni, sem hefur stefnuna NA-SV og sprungan sömuleiðis. Þetta mun fara í kaf í háflóði. Fyrir norðan Akurvík er Laugavík, og er hún mesta jarðhitasvæðið á Gjögri. Allt mun það fara í kaf á háflóði, en ég var þarna á stórstraumsfjöru. Þvert yfir víkina í stefnu NA-SV er sprunga að því er virðist, en sumstaðar var hún í sjó. Víkin er á að gizka 300-500 m breið, og upp úr sprungunni, og öðrum sprungum samsíða henni, kom mjög víða heitt vatn. Þetta virðist, eins og á hinum stöðunum, vera “langsprungin” kletthalein (gangur?). Þarna mældi ég hitann á nokkrum stöðum og var hann 60-70°C en víða seytleði að sjávarvatn. Heitast mældi ég 73,2°C í botni á grunnri sprungu sunnan við miðja vík. Hún var vestasta sprungan, hluti af því sem virtist vera aðalsprungan og lá einna hæst. Þarna var ör uppspretta, vatnið 72,8°C og þar tók ég vatnssýnishorn nr. 54. Vatnsmagn í víkinni get ég ekki gizkað á. Úr uppsprettunni, sem ég tók vatnssýnishornið úr, komu á að gizka 0,15-0,25 l/sek. Ég sá hvergi mikið vatn koma upp á einum stað, en það kom svo víða upp rann og seytleði út úr sprungunum á ýmsa vegu, að samanlagt myndi það vera nokkuð mikið. Mjög miklar líkur eru fyrir því, að heitt vatn komi upp svo neðarlega, að aldrei komi upp úr sjó. Mér var sagt, að t.d. á einum stað þarna kæmi stöðugt mikið af loftbólum upp úr sjónum. Mér virðist í fljótu bragði, að allt heita vatnið á Reykjanesi við Gjögur komi upp úr samhliða sprungum úr tveim (eða fleiri?) göngum, sem nú mynda kletthaleinar með stefnuna NA-SV og sprungurnar hafa sömu stefnu eftir (í) hleinunum.

Krossnes. Laugarnar eru uppi á háum sjávarbakka (gömlum marbakka) í á að gizka 20-30 m yfir sjó. Þær koma upp neðst í votlendi, skammt frá hárrí fjallshlíð, sem er þarna brött og há skriða og klettabelti efst. Ómögulegt að greina neinn gang þarna uppi. Syðst (innst) er lind ca. 0,1-0,15 l/sek., 58°C heit. Ca. 8 m norður frá henni og örlitlu ofar er aðallindin. Hiti í vatni var 62,8°C á yfirborði og 64°C í botni, og þar tók ég vatnssýnishorn nr. 55. Þarna er búinn til lítill uppistöðupollur og úr honum veitt vatni í sundlaugina á Krossnesi, sem er þarna fyrir “norðan og neðan” bakkann - eftir 1½” pípu. Þegar ég kom þarna að, var pípan lokuð, og virtist mér þá renna úr lauginni á að gizka tæpur 1 l/sek. (ágizkun!). Svo var pípan opnuð, og lækkaði þá fljótt í pollinum, hætti að renna úr honum, lækkaði áfram, svo vatnsrennslið fyllti ekki rörið. Nokkra metra norður frá “aðallauginni” var lítil lind ca. 0,15-0,25 l/sek., 60°C. Afrennsli þessara lauga myndar “hveraholt” (kísilblett).

Um 50 m norðar er annar kísilblettur sem myndast af frárennsli 3ja linda (lauga) sem allar voru 60°C heitar. Vatnsrennsli úr syðstu lind á að gizka 0,2-0,3 l/sek.; úr miðlind 0,25-0,45 l/sek., úr nyrztu lind 0,3-0,5 l/sek. (Sennilega er þetta rífleg ágizkun). Afstaða lindanna ca.: (teikn.)

Dato	Staðarheiti	Hiti	Merki
4/9, 60	Kambur (Laugavík) Veiðileysufjörður. 0,1-0,15 l/sek.	32,6	52

Laugavík Veiðileysumegin. Kísilhella, samanlímt fjörugrjót ofan við stórstraumsfjöruborð, tvær sprungur sitt hvoru megin við hellu (á rönd).

Gjögur, Hákarlavogssog. Hlein (leifar af tröllauknum gang? Holufyllingar). Í sandi vestan undir henni 66° rennur 0,4-0,6 l 42°C. Í sprungu uppi í hleininni vestanverðri framarlega, innan við miðju 0,4 (0,5)-0,7 l, 67°C. Vatn tekið þar 68,2°C. Lóðréttar sprungur í lengdarstefnu norður suður.

Akurvík. Hefur alltaf verið vatn, en var nú þur sandur. Mældi þar hitann í ca. fets dýpi niðri í sandinum og var hann þar 68°C. (Holan vatnsfyllist til hálfis). Norðarlega í víkinni í samsíðri sprungu austan í hleininni mældi ég 72°C í sandi og vatnseytlu.

Laugavík. Sprungur samsíða NA-SV þvert yfir víkina. Vatn 54 tekið sunnan við miðja vík í efstu sprungunni. Hiti 79,(8)°C í vatninu. Heitast 73,2°C niðri í sprungubotninum.

Krossnes. Laugarnar uppi á marbakka í á að gizka 30 m hæð yfir sjó, koma upp í votlendi skammt frá brattri fjallshlíð, há skriða og klettur efst. Ómögulegt að greina gang. Syðst (innst) er auga 0,1-0,15 l, 58°C. Ca. 8 m frá henni og örlítið ofar er aðallindin, 62,8°C á yfirborði 64°C í botni vatn sennilega ca. 1,5 l/ fyllir ekki 1½" rör. Úr henni vatn nr. 55. Þar næst lítið auga nokkra metra frá 60°C, 0,2-0,3 l. Ca. 50 metra frá aðallind í NA 3 augu 6 og 9 m á milli (teikn) NA. Öll 60°, úr miðauga ca. 0,25-0,45 l/s nyrðsta auga 0,3-0,5 l og úr syðsta auga ca. 0,2-0,4 l/sek.

Páll Sæmundsson: nei í Veiðileysufirði og Reykjarfirði að Gjögri nema á Kambi. Sömuleiðis Guðbrandur Þorláksson frá Veiðileysu. Jósteinn Guðm. á Kleifum frá Byrgisvík; ekkert þar. Guðjón Magnússon oddviti á Kjörvogi: ekkert þaðan frá Kjörvogi að Ófeigsfirði nema á Gjögri og Krossnesi. Gunnsteinn Gíslason Norðurfirði: Ekkert í Norðurfirði nema á Krossnesi. Gunnar Guðjónsson á Eyri staðfestir það, sömuleiðis Eyjólfur Valgeirss. Bóndi á Krossnesi.

Kirkjuból. Undan klapparholti. Nr. 56. 2-4 l/sek. 62,5°C. Önnur 1-2 l/sek., 60°C. Alls 5-10 l/s, 46°C og 5-10 l/s, 56°C.

Reykjafjörður. Tjörnin 52°C augun. Þá 400 m þró við hús og sundþró. Vatn 57, 52° í sandi, 51°C í vatni, 0,5-0,8 í þvottahúsi.

Drangar. Laug 10-15 yfir sjó við nyrðri árbakka nr. 58, ca. ½-1 l/sek., 33°C. Úr lauginni 0,2-0,4, 37°, heitast undir bergi 39°. Uppsprettur í tjörn 44°C ca. 1 l í sandi. Vætlur í öllum Laugalæknum vatn vel 20°C. Niðri á sandi rúmar 30°, heitast 34° (en allt kalt aðrennslisvatn að því er virtist). Ca. 20 m kísilhella niður á árbakka. Á stórstraumsfjöru fyrir norðan Stóra stekk gufa úti í fjöru.

Drangar (Fornasel). Ofarlega í grjótholti næsta holt framan (innan) við klapparholtið sem ytri sundvarðan (nær sjónum) stendur á (Sundvörður siglingamerki í Bjarnarfjörð nyrðri) 14°C nr. 59, seytl. Efins um að vatnið sé laugarvatn en virðist þó votta fyrir kísilhrúðri á steinum og kísilhlaupi í holum.

Fornasel við sjó. Vatnið tekið í lind austan undir klapparholtinu sem er austan við beitarhúsin í Fornaseli, 10-15 m ofan við sjávarmölina. 3 augu undir holtinu 0,25-0,5 l/sek., 16°C öll til samans. Á að gizka 500-600 m frá efri staðnum virðist vera kísilvottur (og hlaup).

Ófeigsfjörður. Laugin á eystri bakka Húsár fyrir ofan fossinn (ofan Kjöl). Árbakkinn er þar kísilhella og vætlar niður yfir hana volga vatnið úr lindunum, sem eru aðallega 2 og fyrir aðra hefur verið hlaðið, svo þar myndast dálítil laugarpollur og úr honum tók ég vatn nr. 61. Vatnsm. á að gizka 0,15-0,25 l/sek. Hæð yfir sjó ca. 60-80 m? 25°C vatn 26° í botni. Kemur undan melholti. Sennilega volgra í Hvalárhólma en þangað gat ég ekki komist. Vatnsmagn lítið og hiti lítil en seytl upp úr hellu sem eftir lýsingu er kísilhella.

Asparvík. Sker heitir Klakkur. Ca. 1-1,5 km fyrir innan Asparvík og flúrir upp af honum sem líka heita Klakkur og yfir fellur á flóði rétt utan við flæðarmál. Upp úr þeim volgt vatn á tveim stöðum upp úr sprungum í klettunum, líka volgt vatn úr fjörusandinum á einum stað 16°C. Augun í klöppunum 20°C, 0,3-0,5 nær landi, 18°C fjær landi 0,2-0,3.